# Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 27. MAÍ 2019



Arnþór Ingi Kristinsson og Sóley Þorsteinsdóttir, eigendur My Letra, eru afar ánægð með viðtökurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hugmynd sem varð til í sófanum heima

Kærustuparið Sóley Þorsteinsdóttir og Arnþór Ingi Kristinsson fóru af stað með fyrirtækið sitt My Letra fyrir rúmu ári. Íslendingar eru sólgnir í þeirra fallegu skartgripi en fyrsta árið hefur gengið vonum framar. →2

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga

SUSHI
Osushi
Tryggvagötu

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Hugmyndin varð til þegar Sóley var í fæðingarorlofi en parið eignaðist dóttur í lok árs 2017. „Þetta byrjaði þannig að mig langaði í hálsmen sem væri með upphafsstöfum dóttur minnar á. Mér fannst úrvalið hérna heima ekkert sérstakt þannig að ég vildi skoða þetta sjálf og athuga hvað væri hægt að gera. Ég byrjaði að leita að framleiðendum fyrir mig af því ég var með í hausnum nákvæmlega það sem mig langaði að gera,“ segir Sóley. Þau prufuðu að panta inn lítinn lager af stafahálsmenum og mánuði seinna var hann kominn til þeirra en þá fór boltinn að rúlla.

## Átti að vera aukaverkefni

Til að byrja með átti þetta einungis að vera aukaverkefni í fæðingarorlofinu. „Ég var að vinna sem samfélagsmiðlastjóri hjá Icepharma á þessum tíma en ég ákvað að búa til netverslun bara til þess að prufa og sjá hvort þetta myndi seljast,“ segir Sóley. Hálsmenin seldust gríðarlega vel og hafa þau verið vinsæl nánast frá fyrsta degi. Hálsmenin voru bara byrjunin en núna eru töluvert fleiri skartgripir í boði hjá My Letra. „Við byrjuðum bara á því að bjóða upp á hálsmen með íslenskum lágstöfum á stórri skífu, bæði í gull- og silfurlituðu. Svo þróuðum við okkur áfram og nú erum við komin með ágætis vöruúrval.“

## Ótrúleg viðbrögð

Netverslunin var opnuð í maí í fyrra þannig að My Letra er nýorðin eins árs. „Viðbrögðin voru strax gríðarleg og við vorum eiginlega bara í sjokki með það. Enginn á Íslandi var að bjóða upp á stafahálsmen með íslenskum bókstöfum og ég held að það hafi verið eitthvað sem dró fólk að,“ segir Sóley stolt. Falleg armbönd, hálsmen og eyrnalokkar hafa bæst í úrvalið og hafa vörurnar notið mikilla vinsælda. My Letra er ekki lengur einungis netverslun en vörurnar eru komnar í níu verslanir víðsvegar um landið.

## Samfélagsmiðlarnir mikilvæg markaðssetning

Þegar nýjar vörur koma á markað er gríðarlega mikilvægt að markaðssetja þær. Samfélagsmiðlar eru afar sterkt tól þegar kemur að markaðssetningu og hægt er að ná til fjölda fólks í gegnum þá. „Eina sem við höfum gert er að auglýsa okkur á samfélagsmiðlum, bara á Facebook og Instagram. Mikilvægt er að myndirnar séu fallegar og að maður sé alltaf að minna á sig, láta fólkið vita að við erum hérna ennþá.“ My Letra vex hratt og vinsældirnar aukast á samfélagsmiðlum með hverjum degi og til að mynda eru þau með yfir 6.000 fylgjendur á Instagram.



Sóley með hálsmen og eyrnalokka frá My Letra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> ” Við byrjuðum bara á því að bjóða upp á hálsmen með íslenskum lágstöfum á stórri skífu, bæði í gull- og silfurlituðu. Svo þróuðum við okkur áfram og nú erum við komin með ágætis vöruúrval.
>
> **Sóley Þorsteinsdóttir**

## Tveggja manna teymi sem stefnir hátt

Frá fyrsta degi hafa þau Sóley og Arnþór aðeins verið tvö að vinna í uppbyggingu fyrirtækisins. „Ég sé um að taka myndir, uppfæra heimasíðuna og sjá um útlitið á öllum vörunum sem og pakkningunum og Arnþór sér um reikninga og bókhald,“ en Arnþór starfar einnig hjá TVG Zimsen og spilar fótbolta með KR. Þau eru sammála um að góð þjónusta sé mikilvæg og sjálf leggja þau mikla áherslu á hraða og góða þjónustu. „Í byrjun vorum við að skutla sendingum heim til fólks á höfuðborgarsvæðinu og vorum oft að keyra út til tólf á kvöldin, en svo var þetta orðið það mikið að það var ekki tími í það lengur. En við reynum að gera okkar besta og þjónusta alla vel.“ Einnig telja þau mikilvægt að vera vel vakandi á Facebook og Instagram ef fólk er með fyrirspurnir þar. „Ef fólk er að senda skilaboð klukkan tíu á kvöldin þá svara ég klukkan tíu á kvöldin, þetta er vinnan mín og ég er í þessu nánast allan sólarhringinn,“ segir Sóley.

My Letra hefur aðeins verið að prufa sig áfram út fyrir landsteinana en þau eru með hálsmen með norskum bókstöfum og fleiri vörum í einni verslun í Noregi. „Markmiðið okkar núna er að stækka vefsíðuna okkar og gera hana meira alþjóðlega, en við viljum líka koma okkur í verslanir í Skandinavíu, það er planið á næstunni.“

## Skemmtilegt að vinna með öðru fólki

My Letra hefur farið í tvö samstarfsverkefni með öðru hæfileikaríku fólki. „Fyrsta samstarfsverkefnið okkar var með listakonunni Rakel Tómas, en þá teiknaði hún fyrir okkur tölustafi sem við létum svo á skífurnar á hálsmenunum og heppnaðist það ótrúlega vel.“ Nýlega sendu þau frá sér vörulínu í samstarfi við Fanneyju Ingvarsdóttur og hefur það farið virkilega vel af stað.

Sóley segir það spennandi og skemmtilegt að vinna með öðru fólki og vonast hún til þess að samstarfsverkefnin verði fleiri.





Hér má sjá dæmi um fallega skartgripi í gulllituðu sem My Letra hefur upp á að bjóða, falleg hálsmen, armbönd og fleira er í boði hjá Sóleyju.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 4. júní.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:
Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 550 56 57



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is






**KEN DW** húddvél
Sjálfvirk vöktun á þvottakerfi
Skolar við 80°C
Sjálfvirk opnun á húddi

Grind 50x50
4 forrit: 1 mín. 50 sek, 2 mín. 50 sek,
4 min. 50 sek, 10 mín. 50 sek,

## Nýjung
## í þjónustu við atvinnu- og stóreldhús

## LEIGA
## Á UPPÞVOTTA-VÉLUM Í ATVINNU-ELDHÚS



**MBM** húddvél **LB 625**
Grind: 50 x 50
BxDxH: 64x74x148
Opnun 45 cm (tekur stóra undirdiska)

Einfalt stjórnborð fyrir mismunandi þvottakerfi.
Plásslítil vél, hönnuð fyrir beina línu eða í horn.



**KEN DW 330**
Tekur bæði heitt eða kalt vatn.
Vatnsnotkun er aðeins 3,5 ltr. á þvott.
Vélin er með 4 snúningsspaða.
Söfnunartankur er 28 lítrar.
Skol á þvotti er með 80°C
Gufuþétting í vélinni dregur verulega úr losun gufu þegar vélin er opnuð.
Grind: 50x50
St.: 595x600x830
Þvottarými: 500x500x295



**MBM LS 506 PD**
Undirborðsvél
Grind: 50 x 50
BxDxH: 58x60x83.
Hurðaop 36,5 cm - tekur auðveldlega stóra pizza diska. - Öflugur efri og neðri úði úr snúningsás. - Tvöföld hurð: Minnkar hitatap og demprar hljóð.

## Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4

*Allt hjá okkur*

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geiriehf.is

STÓRELDHÚS

**Dragháls 4 - 110 Reykjavík**
**Sími: 535 1300 -**
**verslun@verslun.is**

TAKTIK 5348 #

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

STÓRA BÍLASALAN



TOYOTA Land Cruiser 150GX 33" breyttur. Árgerð 2018, ekinn 46 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.137402.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

### Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

LJÓSBOGINN ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

### Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Húsnæði óskast

Húsnæði óskast frá 15/06-15/09, í 221 Hafnarfjarði, 3-4 svefnherbergi. Helst með húsbúnaði. Vinsamlegast hafið samband við Tómas í brattahlid.accounting@gmail.com eða í síma: 8472596.

### Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA.**
100-450 fm atvinnuhúsnæði. Mjög bjart og góðar innkeyrsludyr. Verð frá Kr. 1.500 pr fm
**Nánar uppl. s. 840 3992**

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar vana járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 og jarnaverk@internet.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is